

Svör frá TSC ehf.

Magnús Soffaníasson/Sigríður Finsen

1. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á íslenskan myndmiðlunar- og fjarskiptamarkað?

Tekur áskrifendur frá smærri Íspum vegna t.d. vegna pakkaþilboða og vandkvæða við að fá allt sjónvarpsefni á einum stað.

Tæknilega er ekkert til fyrirstöðu að vera með myndlykla samtímis bæði frá Símanum og Vodafone yfir sömu nettengingu.

Það vantar bara viljann hjá þeim til að leyfa það. Pakkaþilboð eru oft matreidd með þeim hætti að áskrifendum er talið trú um að hann sé að fá eitthvað frítt með.

2. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á stöðu neytenda þegar kemur að aðgangi að vinsælu sjónvarpsefni?

Góð áhrif vegna tiltölulega auðvelds aðgengis, en þó eru hindranir þar sem að það er ekki sjálfgefið að hægt sé að nálgast allt efni frá hvaða netþjónustu sem er.

3. Hvaða áhrif hefur það á samkeppni á fjarskiptamarkaði að ákveðið efni sé bundið við tiltekið net.

Slæm, hvorki efnisveitan né sjónvarpsdreifingin á að vera háð netþjónustu.

4. Skiptir máli hvort slík takmörkun (spurning 3) nái eingöngu til ólínulegs efnis?

Nei

5. Hvaða vægi hefur ólínulegt dagskrárefni í samhengi við vöruframboð fjarskiptafyrirtækja nú og nánustu framtíð?

Ólínulegt efni sem dreift er á lokuðum rásum (IPTV) og einungis hægt að skoða í myndlyklum fjarskiptafyrirtækjanna munu smá saman víkja fyrir hefðbundnum vefmiðlum líkt og Netflix, Youtube osfrv. Þetta gerist þar sem nettengingar eru orðnar það öflugar að horfa má truflanalaust á nánast allt sjónvarpsefni sem boðið er á Internetinu.

6. Er það mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra efnisveitna að geta einskorðað efnið við tiltekið fjarskiptanet?

Til skemmri tíma litið gæti þetta virkað vel fyrir efnisveitur, en þegar samhnýting Sjónvarps og nets hefur rutt minni Íspum út af markaðnum, minnkar samkeppni og hugsanleg dreifing á sjónvarpsefni út fyrir internet neteigandans.

7. Annað sem umsagnaraðili vill koma á framfæri?

Síminn, Vodafone og 365 eru með pakkatilboð á nettengingum sem gera minni Íspum nánast ókleyft að keppa við þá, því áskrifendum er talin trú um að þeir fái eitthvað frítt með. Þessir pakkar líta vel út en eru oft ekki hagstæðri en sömu hlutir hjá sitthvorum fjarskiptafyrirtækjunum.

Sjónvarpsdreifing og sjónvarpsrekstur á ekki að vera á hendi fjarskiptafyrirtæka sem líka selja internettengingar.

TSC ehf. varð fyrir verulegu tjóni þegar Síminn tvinnaði saman internet og sjónvarpsþjónustu sbr. úrskurð Samkeppniseftirlitsins [nr. 41/2009](#) og dóm Hæstaréttar [218/2012](#). Enn eru margar samkeppnishindranir fyrir smærri Íspa sem ekki bjóða sjónvarp.